

**Ed.**

## **99. Tillaga**

til þingsályktunar um nýjan holdsveikraspítala og stofnun hælis handa fávítum.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reisa nýtt sjúkrahús fyrir holdsveika menn, svo fljótt sem auðið er, og breyta jafnframt, með væntanlegu samþykki Oddfellowreglunnar, Laugarnessjúkrahúsínu í hæli fyrir fávíta börn og konur.

### **Greinargerð.**

Væntanlega eru allir sammála um, að komið sé meira en mál til þess að ætla fávítum þessa lands sérstök hæli. Venjulega eru þeir heimilum sínum þungur kross, og þar að auki fara þeir oft á mis við þá meðferð, sem þeim er bráð-nauðsynleg.

Reynsla annara þjóða hefir sýnt, að ófært má telja að ætla fávíta konum og körlum vist í sama hæli, og æskilegast þykir, að börn séu höfð út af fyrir sig. En þó þykir það ekki frágangssök, að konur séu hafðar á sama hæli og börnin, þar sem húsrúm er nægilegt.

Laugarnesspítalinn hefir verið óþarflega stór handa holdsveika fólkinu um nokkur undanfarin ár. Upphaflega var hann ætlaður 60 sjúklingum, en nú eru þar rúmlega 20 sjúklingar, og enginn hefir bætzt við 3—4 seinustu árin. Fávíta fólk á landinu mun vera að minnsta kosti á annað hundrað. Virðist því hagkvæmt að nota þetta húsrúm fyrir fávíta, en reisa í stað þess annað hæli, meira en helmingi minna, fyrir holdsveikt fólk.